

Grindavíkurbær
Atli Geir Júlíusson
Víkurbraut 62
240 Grindavík

Reykjavík, 10.2.2022
UST202201-127/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag fyrir iðnaðar- og hafnarsvæði við Eyjabakka í Grindavík

Vísað er til erindis sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs Grindavíkurbæjar er barst 13. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir iðnaðar- og hafnarsvæði við Eyjabakka í Grindavík.

Í greinargerð kemur fram að í aðalskipulagi Grindavíkur 2018-2032 er svæðið skilgreint sem iðnaðarsvæði i3 og hafnarsvæði H2 og er svæðið um 72 ha. með sjó og hafnargörðum. Megin áhersla deiliskipulagsins verður að skilgreina lóðir og byggingarreiti fyrir iðnaðar- og hafnarstarfsemi og verður deiliskipulagssvæðið byggt upp í fjórum áföngum. Í áfanga eitt eru í dag 5 óbyggðar lóðir, í áfanga tvö er gert ráð fyrir 31 lóð, í áfanga 3 er gert ráð fyrir 13 lóðum og í áfanga fjögur verða byggðar upp 35 lóðir.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn til Skipulagsstofnunar dags. 8. janúar sl. varðandi matsskyldufyrirspurn vegna hreinsistöðvar fráveituvatns í Grindavík.¹

Jarðmyndanir

Í greinargerð kemur fram að þéttbýli Grindavíkur er að mestu á nútímahrauni sem og dreifbýlið, líkt og önnur sveitarfélög á Suðurnesjum og Suðurlandi. Þar af leiðandi eru áhrif skipulagsins á jarðmyndanir metin neikvæð, en vegna umfangs nútímahrauns í Grindavík eru áhrifin talin minniháttar og staðbundin á litlu svæði miðað við heildarumfang nútímahrauns innan sveitarfélagsins.

Í 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðingabæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Ljóst er að nútímahraun njóta sérstakrar verndar sbr. 2. mgr. 61. gr laga um náttúruvernd. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að

¹ <https://www.ust.is/library/sida/umhverfisstofnun/Ums%20c3%20b6gn%20MSF%20-%20Fr%20a1rennsli%20c3%20ad%20Grindav%20c3%20adk.pdf>

einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillöggunni hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á nútímahrauni.

Í greinargerð aðalskipulags segir (bls. 5) *Stefnt er að því að viðhalda núverandi byggðamynstri. Stefnt er að vandaðri deiliskipulagningu byggðar, sem taki mið af verndun náttúru og menningarsögulegum verðmætum umhverfisins og stuðli að samspili þessara þátta.*

Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í aðalskipulagi og bendir á að það þarf að koma fram í deiliskipulagstillöggunni hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask hraunsins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Umhverfisstofnun bendir á að þó svo að deiliskipulagið sé staðbundið á litlu svæði, og umfang hrauns sé mikið í sveitarfélaginu, eins og kemur fram í greiningerð, réttlætir það ekki röskun á hrauni og ber sveitarfélaginu að vernda hraun sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu séu verndargildi hraunasvæða metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndana, s.s. gíga, hrauntraða og hraunfláka.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, skv. 3. mgr. 61. gr. laga um náttúruvernd sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veða saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 4. mgr. 61. gr. laganna.

Áður en leyfi er veitt skal leyfisveitandi leita umsagnar Umhverfisstofnunar, sbr. 3. mgr. 61. gr. laga um náttúruvernd, nema fyrir liggi staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag þar sem slík umsögn kemur fyrir. Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega fari hún í bága við umsagnir umsagnaraðila og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Fráveita

Samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skal gera grein fyrir veitum og helgunarsvæðum þeirra, ofan jarðar og neðan, á uppdráttum og/eða í greinargerð.

Umhverfisstofnun bendir á að umfjöllun um fráveitu og hreinsun fráveituvatns er nokkuð rýr í deiliskipulagstillögunni og ekki er ljóst hverjar framtíðaráætlanir um skólphreinsun eru hjá sveitarfélaginu.

Samkvæmt gagnaskilum um stöðu fráveitumála árið 2020 þá losar Grindavík 10.047 persónueiningar af skólpi. Megin krafa um hreinsun á skólpi er tveggja þrepa, en hægt er að óska eftir skilgreiningu á viðtaka sem síður viðkvæms til Umhverfisstofnunar og gildir þá krafa um eins þreps hreinsun.

Eins þreps hreinsun er leyfð þar sem viðtaki er metinn uppfylla kröfur um hæfni til að taka við og dreifa skólpi. Sveitarfélagið getur sent tillögu til Umhverfisstofnunar um skilgreiningu á viðtaka (sjá 20. gr. í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólpi.) Einnig má sjá leiðbeiningar² um skilgreiningu síður viðkvæmra viðtaka.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að vegna kröfu um hreinsun á skólpi þarf að gæta þess að nægjanlega stórt svæði sé ætlað fyrir skólphreinsistöð til að koma í veg fyrir kostnað við breytingar síðar meir.

Lagnir

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um legu lagna frá hreinsi-/dælustöð og legu útrásar í greinargerð og á uppdrætti.

Umhverfisstofnun bendir á að ef útrásarlögn liggur neðar en stórstraumsfjörumál er framkvæmdaraðila skylt að fá samþykki stofnunarinnar fyrir lagningu hennar. Samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 600/2018 um heimild til lagningar sæstrengja og neðansjárleiðslna er óheimilt að reka, eiga eða leggja sæstreng eða neðansjárleiðslu frá stórstraumsfjörumáli án þess að hafa áður fengið til þess m.a. samþykki Umhverfisstofnunar, sbr. 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, þar sem fram kemur að lagning sæstrengja og neðansjárleiðslna er háð samþykki Umhverfisstofnunar. Í 5. gr. reglugerðarinnar eru tilgreindar þær upplýsingar sem skulu fylgja með umsókn um lagningu neðansjárleiðslna.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur

² [https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Skilgreining%20%C3%A1%20s%C3%AD%C3%B0ur%20vi%C3%B0kv%C3%A6mum%20sv%C3%A6%C3%B0um%20skil%20%C3%A1%20g%C3%B6gnum%20N%C3%A4VERANDI%20RGL%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Skilgreining%20%C3%A1%20s%C3%AD%C3%B0ur%20vi%C3%B0kv%C3%A6mum%20sv%C3%A6%C3%B0um%20skil%20%C3%A1%20g%C3%B6gnum%20N%C3%A4VERANDI%20RGL%20-%20Copy%20(1).pdf)